

30. gr.

Auk framangreindra verkefna fer fræðsluráð með önnur þau málefni sem því eru fengin í lögum og reglugerðum.

31. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 11. gr. og í 87. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið 27. apríl 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ**um kennarafundi og kennararáð.****Kennarafundir.**

1. gr.

Kennarafundur er skólastjóra til ráðuneytis um innra starf grunnskóla og daglega stjórn hans.

2. gr.

Almennan kennarafund skal halda þegar í upphafi skólaárs. Skólastjóri leggur þá fram drög að starfsáætlun skólans er unnin hafi verið í samráði við kennararáð.

3. gr.

Skólastjóri eða staðgengill hans boðar til kennarafunda og stjórnar þeim eða skipar fundarstjóra. Hann skipar ritara. Haldin skal gjörðabók kennarafunda.

4. gr.

Skylt er að boða til almennra kennarafunda einu sinni í hverjum starfsmánuði skóla og oftár ef skólastjóri, kennararáð eða þriðjungur fastráðinna kennara æskja þess.

Öllum skipuðum og settum kennurum skóla, sem kenna hálfu kennslu eða meira, er skylt að sækja kennarafundi þá mánuði er skóli starfar ef fundur fer fram á daglegum starfstíma skóla. Á sama hátt er stunda- og forfallakennurum skylt að sækja kennarafundi ef skólastjóri eða kennararáð æskja þess.

Skólastjóri skal, eftir því sem við verður komið, ætla tíma til kennarafunda þegar hann skipuleggur skólastarf fyrir hvert skólaár þannig að kennarafundir geti farið fram á daglegum starfstíma skóla og að þeir skerði ekki kennslu samkvæmt stundaskrá.

5. gr.

Allir starfandi kennarar skólans skulu boðaðir á kennarafundi og fundarboð ásamt dagskrá auglýst á kennarastofu með minnst sólarhrings fyrirvara.

Boða má til skyndifundar kennara með styttri fyrirvara. Ávallt skal þó reynt að tryggja að öllum kennurum, sem hlut eiga að máli, berist boðin.

Kennararáð.**6. gr.**

Í skólum, er rétt eiga á 8 fastráðnum kennurum eða fleiri auk skólastjóra, starfa kennararáð þriggja manna. Í öðrum skólum gegnir almennur kennarafundur hlutverki kennararáðs.

7. gr.

Kennararáð er skólastjóra til ráðuneytis um daglega stjórn skólans og fer með umboð kennara milli kennarafunda.

8. gr.

Allir settir eða skipaðir kennarar eru kjörgengir í kennararáð nema yfirkennari.

Ekki geta kjörgengir kennarar skorast undan því að sitja í kennararáði. Heimilt er þó kennara, sem setið hefur sem aðalmaður í kennararáði næstliðið skólaár, að skorast undan endurkosningu sem aðalmaður.

9. gr.

Kennararáð skal kjörið á almennum kennarafundi innan mánaðar frá því er skóli hefst. Kosning kennararáðs skal vera leynileg. Fyrst skulu kosnir þrír aðalmenn og síðan jafnmargir til vara.

Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Varamenn taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra í þeirri röð sem þeir eru kjörnir.

Kennararáð heldur umboði sínu uns nýtt hefur verið kjörið.

10. gr.

Kennararáð kemur saman ef skólastjóri, staðgengill hans eða kennararáðsmaður óskar þess. Samþykktir kennararáðs skulu færðar í gjörðabók og kynntar kennurum.

11. gr.

Skólastjóri eða staðgengill hans boðar til fundar kennararáðs og skólastjóra. Hann stjórnar fundi eða skipar fundarstjóra. Hann skipar fundarritara sem heldur gjörðabók.

Yfirkennari situr fundi kennararáðs og skólastjóra með málfrelsi og tillögurétti.

12. gr.

Komi upp ágreiningur milli kennararáðs og skólastjóra ræður ákvörðun skólastjóra uns úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir nema samkomulag hafi orðið um annað. Skal þá, svo fljótt sem kostur er, boða til kennarafundar og leggja málið fyrir hann.

Náist ekki samkomulag á kennarafundi geta málsaðilar hvor um sig vísað málinu til skólanefndar. Leiði það ekki heldur til samkomulags geta aðilar vísað málinu til úrskurðar fræðslustjóra.

13. gr.

Falli störf kennara vegna kennarafunda utan daglegs vinnutíma þeirra fer um greiðslu samkvæmt kjarasamningum.

Um greiðslu fyrir störf í kennararáði fer eftir kjarasamningum.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið 27. apríl 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

ERINDISBRÉF

fyrir skólanefndir grunnskóla.

I. KAFLI

Skipan skólanefnda og meginhlutverk.

1. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd, sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla. Í Reykjavík fer fræðsluráð með hlutverk skólanefndar.

2. gr.

Skólanefnd fer í umboði sveitarstjórna með málefni grunnskóla í skólahverfi sínu eftir því sem nánar greinir í erindisbréfi þessu, lögum og reglugerðum.

Heimilt er sveitarstjórn að fela skólanefnd grunnskóla að fara einnig með mál varðandi aðra fræðslustarfsemi í skólahverfinu enda komi til samþykki mennta-, málaráðuneytisins.

3. gr.

Skólanefnd skal sjá svo um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu.

Í störfum sínum ber skólanefnd einnig að sjá um að allir nemendur á skyldunámsstigi hljóti sem besta aðstöðu og jöfnust tækifæri til náms og að skólinn veiti sérhverjum nemanda fræðslu eftir aldri sínum og þroska og í samræmi við gildandi námsskrá á hverjum tíma.

4. gr.

Í upphafi kjörtímabils, sem er fjögur ár, kýs skólanefnd sér formann úr sínum hópi, ennfremur varaformann og ritara.

Sé skólanefnd skipuð 7 mönnum eða fleiri getur hún falið formanni og tveimur öðrum skólanefndarmönnum að fara með umboð sitt milli funda enda séu allir nefndarmenn því samþykki. Allar meiri háttar ákvarðanir verða þó að koma fyrir löglega boðaðan fund og hljóta þar samþykki.

II. KAFLI

Fundir skólanefnda og starfshættir.

5. gr.

Formaður skólanefndar kveður til fundar svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skyllt er að verða við tilmælum fræðslustjóra eða skólastjóra um fund í skólanefnd enda sé fundarefni tilgreint. Einnig ber að kveðja til fundar ef a. m. k. þriðjungur aðalmanna í skólanefnd æskir þess.